

Opni leikskóli Memmm brúar þjónustubil barnafjölskyldna

Greining á opinberum ávinningi
af starfsemi Opna leikskóla Memmm

Ágúst 2026



Um verkefnið

Skýrslan var unnin að frumkvæði stjórnenda Opna leikskóla Memmm í kjölfar umræðu um þörf á heildstæðu mati á ávinningi starfseminnar.

Markmiðið er að varpa ljósi á umfang og eftirspurn eftir þjónustunni, þær áskoranir sem Opni leikskóli Memmm leysir og samfélagslegan ávinning fyrir fjölskyldur og sveitarfélög.

Greiningin byggir á gögnum frá Opna leikskóla Memmm, þjónustukönnun, viðtölum, opinberum gögnum og samanburði við erlend úrræði.

Höfundur skýrslunnar er Gunnar Úlfarsson, hagfræðingur og ráðgjafi.

gunnar@gulf.is

Yfirlit

1. Samantekt

2. Um starfsemina

3. Virðisgildi

4. Tækifæri til vaxtar

Opni leikskóli Memmm svarar lykiláskorunum sveitarfélaga í þjónustu við barnafjölskyldur



Áskoranir sveitarfélaga í þjónustu við fjölskyldur

1. Löng bið eftir leikskólaþjónustu og starfsemi raskast reglulega.
2. Foreldra skortir jafningjastuðning, fræðslu og tengsl.
3. Börn með fjölbreyttan bakgrunn þurfa stuðning og inngildandi úrræði.



Ávinningur Opna leikskóla Memmm

- Brúarúrræði meðan beðið er eftir plássi eða starfsemi leikskóla raskast.
- Styrkir rútínu og tengsl fjölskyldna og veitir gjaldfrjálsa fræðslu.
- Styður málörvun, félagsfærni og aðlögun barna að leikskóla.

- Ýmsar áskoranir gera sveitarfélögum erfitt að veita barnafjölskyldum samfellda og aðgengilega leikskólaþjónustu.
- Opni leikskóli Memmm styður sveitarfélög við að mæta þessum áskorunum með sveigjanlegum og hagkvæmum hætti.

Yfirlit

1. Samantekt

2. Um starfsemina

3. Virðisgildi

4. Tækifæri til vaxtar

Opni leikskóli Memmm er opinn öllum sem eru heima með lítil börn



- Opni leikskóli Memmm er fyrir foreldra og umönnunaraðila sem eru heima með ung börn.
- Þjónustan er gjaldfrjáls og fjölskyldur geta mætt án forskráningar eða tilvísunar.
- Starfsemin fer reglulega fram í almenningsrýmum í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir.
- Börn fá tækifæri til leiks og málörvunar en fullorðnir fá jafningjastuðning og fræðslu fagaðila.
- Fullorðinn dvelur með barninu og ber ábyrgð á því meðan á heimsókn stendur.
- Starfsemin byggir á hugmyndafræði sænsku Öppna förskolan og er m.a. kynnt fjölskyldum í ung barnavernd þar í landi.

Opni leikskóli Memmm býður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fjölskyldur



- Í Opna leikskóla Memmm býðst fjölskyldum upp á **fjölbreytta dagskrá**.
 - T.d. listasmiðjur, samverustund, söngstund, lestrarstund og fræðslu
- Hefðbundin opnun er 2 klukkustundir en dagskrá fer eftir aðstöðunni hverju sinni.
- Dæmi um hefðbundna opnun
 - **10:00 – 11:00**: Allir koma sér fyrir, leikstund eða listasmiðja fyrir börnin og tækifæri fyrir foreldra að tengjast og kynnast.
 - **11:00 – 11:15**: Söngstund undir leiðsögn starfsfólks Opna leikskóla Memmm.
 - **11:15 – 12:00**: Leikstund heldur áfram, föndur og spjall, fólk fer að týnast út.



Opni leikskóli Memmm styrkir þroska barna og velferð fjölskyldna

Starfsemin styður fjölskyldur á sex sviðum

Ávinningur starfseminnar



Leikur og þroski



Undirbúningur f. aðlögun



Jafningjastuðningur



Inngilding og þátttaka



Forvarnir og fræðsla



Virkni og rútína

Heimildir: Opni leikskóli Memmm.

- Með því að sameina leik, fræðslu og félagslegan stuðning mætir Opni leikskóli Memmm ólíkum þörfum barna og foreldra á sameiginlegum vettvangi.
- Dæmi um ávinning er:
 - Leikur, lestur og málörvun styðja við þroska barna og aðlögun að leikskóla.
 - Jafningjastuðningur fyrir foreldra, tækifæri til að deila reynslu og byggja upp tengslanet.
 - Samveran veitir fjölskyldum tækifæri til að kynnast öðrum og tengjast samfélaginu.
 - Námskeið og fræðsla auka þekkingu og öryggi foreldra og hafa forvarnargildi.
 - Reglulegar heimsóknir skapa rútínu og stuðla að virkni barna og foreldra.

Starfsemi Opna leikskóla Memmm er drifin áfram af fagfólki sem hefur áhuga á velferð fjölskyldna



**Kristín
Stefánsdóttir**
iðjupjálfi



**María Ösp
Ómarsdóttir**
grunnskólakennari



**Helga
Hreiðarsdóttir**
leikskólakennari




**Helga Ösp
Jóhannsdóttir**
leikskólakennari

Opni leikskóli Memmm er opinn alla virka daga í þremur sveitarfélögum á fjórum staðsetningum

Opni leikskóli er með sjö opnanir í hverri viku

Dagskrá Opna leikskóla Memmm (2025-2026)




Heimild: Opni leikskóli Memmm.

- Opni leikskóli Memmm var opinn **fimm daga í viku** skólaárið 2025-2026 í samstarfi við Reykjavíkurborg, Hafnarfjörð og Vinnumálastofnun.
- Tvær opnanir í Reykjavík og Hafnarfirði, og ein í Reykjanesbæ.
- Opni leikskóli Memmm er alls með sjö opnanir í viku.
 - Sex opnanir í 2 klst.
 - Ein opnun í 1,5 klst fyrir eldri börn.
- Samtals eru opnanir **13,5 klst á viku**.

Að meðaltali heimsóttu 31 fjölskylda hverja opnun Opna leikskóla Memmm

Árið 2025 voru opnunarstaðir fimm og var Aflagrandi sá fjölsóttasti

Vikulegar heimsóknir, meðaltal (2026)¹



¹ Ein heimsókn = ein fjölskylda, þ.e. 1 fullorðinn og eitt barn að lágmarki.

² Opnun fluttist í Hafnarfjörð.


Heimildir: Samband Íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands.

- Opnunartímar alla virka daga vikunnar á fimm staðsetningum.
 - Að **meðaltali heimsóttu 31 fjölskylda hverja opnun** Opna leikskóla Memmm.
 - Aflagrandi var fjölsóttasti staðurinn með 46 heimsóknir á hverja opnun að meðaltali.
- Í Hafnarfirði er opið þrisvar í viku.
- Opnun í Kópavogsbæ fluttist í Hafnarfjörð samhliða flutningum á búsetuúrræði Vinnumálastofnunar.
- Bólstaðarhlíð lokaði um áramótin 2025-2026 þar sem fjárveiting frá Reykjavíkurborg var skert.

Á síðasta skólaári voru yfir 4.700 fjölskyldu- heimsóknir í Opna leikskóla Memmm

Á síðasta skólaári voru heimsóknir 4.700 í Opna leikskóla Memmm

Heildarfjöldi heimsókna (2025-2026)



¹ Tímar sem haldnir eru utandyra.
Heimildir: Opni leikskóli Memmm.

- **Fjölskylduheimsóknir voru yfir 4.700 í Opna leikskóla Memmm** árið 2025-2026.
 - Í hverri heimsókn eru oftast einn fullorðinn og eitt barn en stundum fleiri.
 - Hver fjölskylda getur verið talin oftari en einu sinni en rafrænt skráningarkerfi er í vinnslu.
- Árið 2025-2026 voru sennilega **fleiri en 10.000 heimsóknir**, að því gefnu að einn fullorðinn og í hið minnsta eitt barn er á bak við hverja heimsókn.

Yfirlit

1. Samantekt

2. Um starfsemina

3. Virðisgildi

3.1 Áskoranir sveitarfélaga

3.2 Lausnir Opna leikskóla Memmm

4. Tækifæri til vaxtar

Þrjár tegundir áskorana gera sveitarfélögum erfitt að veita barnafjölskyldum samfellda þjónustu


Tegund áskorana	Áskoranir sveitarfélaga	Skýringar
 Þjónustubil	1. Löng bið eftir leikskólaplássi 2. Raskanir á leikskóla	▪ Mörg börn bíða vegna aldurs, haustinnritunar og biðlista. ▪ Vaxandi fjöldi bíður yfir árið fram að haustinnritun. ▪ Lokanir og verkföll skerða þjónustu án varaúrræðis. ▪ Mygla og viðhald fækka leikskólaplássum.
 Stuðningur	3. Aukið álag á foreldra 4. Dýr fræðsla og forvarnir	▪ Barnafjölskyldur útsettar fyrir einangrun og einmanaleika. ▪ Álag er meira meðal fjölskyldna án jafningjastuðnings. ▪ Dýr fræðsla skapar aðgangshindranir og dregur úr forvarnaráhrifum.
 Brúarúrræði	5. Aðlögun og undirbúningur 6. Tengsl og inngilding	▪ Erfitt að undirbúa börn fyrir leikskóla, sérstaklega með erlendan menningar- og tungumálabakgrunn. ▪ Minni virkni er meðal innflytjenda sem skortir tengslanet.

1 Löng bið eftir leikskólaplássi

Þúsundir fjölskyldna geta þurft reglubundinn stuðning fram að leikskólagöngu

Um 3.000 barnafjölskyldur eru heima í orlofi eða bíða eftir innritun á leikskóla

Börn sem ekki hafa hafið leikskólagöngu á höfuðborgarsvæðinu (2026)¹



1 Námunad að næsta tugi. 2 Meðalfjöldi barna yfir heilt ár.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Vefsiður sveitarfélaga.

- Barnafjölskyldur geta þurft sérstakan stuðning á meðan fæðingarorlofi stendur, og eftir að því lýkur þar til leikskólaganga hefst.
 - Börn yngri en eins árs eru almennt **of ung** fyrir leikskóla og foreldrar þeirra oft í fæðingarorlofi.
 - Eftir að fæðingarorlofi lýkur geta börn **beðið eftir innritun** á leikskóla en innritun fer almennt fram að hausti, og inntökualdur er að meðaltali 13 mánuðir.¹
- Á þessum tíma eru börnin oftast heima með foreldrum, eða í vistun hjá dagforeldrum.
- Dagforeldrar og óformleg úrræði mæta hluta þarfarinnar en tryggja ekki öllum fjölskyldum aðgang að slíkum vettvangi.


1 Einfalt meðaltal miðað við umfjöllun fréttamiðla um inntökualdur haustið 2025. RÚV (2025). „Öll börn fædd í júlí 2024 og fyrr komin með leikskólaplássi í Garðabæ“. Slóð: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-04-15-oll-born-faedd-i-juli-2024-og-fyrr-komin-med-leikskolaplass-i-gardabae-441649>. Vísir (2026). „Öll tólf mánaða börn fá leikskólaplássi í Kópavogi“. Slóð: <https://www.visir.is/g/20262871667d/oll-tolf-manada-born-fa-leikskola-plass-i-kopa-vogi>. Vísir (2024). „Tugir barna á bið eftir leikskólaplássi á höfuðborgarsvæðinu“. Slóð: <https://www.visir.is/g/20242609256d/tugir-barna-a-bid-eftr-leik-skola-plassi-a-hofud-borgar-svaedinu>. 2 Það getur verið skörun milli fjölda barna sem bíða eftir innritun og á biðlista.

1 Löng bið eftir leikskólaplássi

Fjöldi barna án leikskólapjónustu er meiri eftir því sem stýttist í innritun á leikskóla

Fjöldi barna sem bíða eftir plássi á leikskóla eykst þar til innritun fer fram

Fjöldi barna sem eru á leikskólaaldri en bíða eftir innritun á leikskóla, áætlun¹




¹ Miðað við inntökualdur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Vefsíður sveitarfélaga.

- Börnum sem bíða eftir leikskóla-plássi fjölgar yfir árið þar til innritun fer fram að hausti.
- **240 börn ná leikskólaaldri í hverjum mánuði** að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.
- Í ágúst er uppsafnaður fjöldi barna sem bíða eftir úthlutun um 2.800.
- 1.580 börn bíða eftir leikskólaplássi að meðaltali yfir allt árið.

Biðlistar og viðhaldspörf hægja á fjölgun leikskólaplássna

Um 500 á biðlista eftir leikskólapláss hjá RVK


Fjöldi barna á biðlista eftir leikskólapláss í RVK



Heimildir: Vísir, RÚV, MBL.is

Nýjum plássum í RVK fækkar vegna viðhalds og myglu

Breyting á leikskólaplássum í Reykjavíkurborg (2026)



Heimildir: Vísir, RÚV, MBL.is


- Ólíklegt er að biðlistar leikskóla styttest í haust.
- 472 biðu eftir pláss í leikskóla hjá RVK í fyrra.¹
- Færri ný pláss skapast vegna viðhalds og myglu.²
 - Áætlað að ný leikskólapláss verði 277.
 - 169 pláss detta út vegna viðhalds og myglu.
- Nettó fjölgun plássna er aðeins 108.

¹ Vísir (2025). „Ríflega þúsund börn biða eftir að komast að en ekki 400“. Slóð: <https://www.visir.is/g/20252774601d/rif-lega-thusund-born-bida-eftir-ad-komast-ad-en-ekki-400>. RÚV (2023). „Fleiri börn á biðlista eftir leikskólapláss í Reykjavík en á sama tíma í fyrra“. Slóð: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-08-fleiri-born-a-bidlista-eftir-leikskolaplassi-i-reykjavik-en-a-sama-tima-i-fyrra-392917>. Vísir (2024). „Um 800 börn biða eftir leikskólapláss í Reykjavík“. Slóð: <https://www.visir.is/g/20242571238d/um-800-born-bida-eftir-leik-skola-plassi-i-reykja-vik>.
² Reykjavíkurborg (2026). „Staða leikskóla í Reykjavík fyrir stóru innritunina 2026“. Slóð: <https://reykjavik.is/frettir/2026/stada-leikskola-i-reykjavik-fyrir-storu-innritunina-2026>

Óvæntar og skipulagðar lokanir skerða þjónustu leikskóla án annarra valkosta fyrir fjölskyldur

32% leikskóla á höfuðborgarsvæðinu lokaði óvænt haustið 2024

leikskólar sem lokuðu vegna manneklu,
% leikskóla (haust 2024)¹



1 leikskólar þar sem ein eða fleiri deild lokar.


Heimildir: Viðskiptaráð Íslands, svör við fyrirspurnum Viðskiptaráðs.

- Lokanir leikskóla raska þjónustu og gera fjölskyldum erfiðara fyrir að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Í 32% leikskóla lokaði ein eða fleiri deildir óvænt vegna manneklu.¹
- Skipulagðir lokunardagar eru 26 á ári í leikskólum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
 - Það eru sumarleyfis dagar og skipulags dagar, án skráningardaga.
- Sveitarfélög **hafa ekki önnur úrræði fyrir leikskólafjölskyldur** þegar þjónusta skerðist með þessum hætti.

Foreldrar og fjölskyldur á barneignaraldri geta verið viðkvæm fyrir einangrun og einmanaleika

Einmanaleiki hefur aukist hjá fólki á barneignaraldri

Hlutfall sem upplifir einmanaleika eftir aldri, %¹




¹ Upplifa einmanaleika oft eða mjög oft.
Heimildir: Embætti landlæknis (2024), Lýðheilsuvísar 2024

- Foreldrar ungra barna geta verið útsettir fyrir einangrun og einmanaleika.
- Breytt félagsleg tengsl, einangrun og takmarkað stuðningsnet geta aukið hættuna, einkum á fyrstu árum foreldrahlutverksins.¹
- Íslenskar mæður geta verið í sérstaktri hættu á félagslegri einangrun þegar dagleg rútína og tengsl við vinnustað og vinahóp breytast.²
- Vandinn kallar á aðgengilegan samveruvettvang þar sem hægt er að skapa ný tengsl, fá jafningjastuðning og tilefni til að fara út af heimilinu.

Vettvangur fyrir jafningjastuðning dregur úr áhættu á fæðingarpunglyndi og álagi

Jafningjastuðningur getur dregið úr áhættu á fæðingarpunglyndi um 22%

Áhætta á fæðingarpunglyndi¹




1. RR 0,78; 95% CI 0,66-0,93. Byggt á 20 rannsóknum og 14.727 konum. Vísitalan sýnir hlutfallslega áhættu, ekki algenga tíðni.
Heimild: Dennis & Dowswell, Cochrane Review (2013)

- Rannsóknir sýna að sálfélagsleg og sálfræðileg stuðningsúrræði **draga úr áhættu á fæðingarpunglyndi um 22%.**¹
- Íslensk rannsókn sýndi að **14% mæðra upplifðu tíð punglyndiseinkenni** tveimur til þremur mánuðum eftir fæðingu. Álag móður og áhyggjur af heilsu barnsins höfðu sterkust tengsl við einkennin.²
- Heilsuvera tilgreinir skort á stuðningi eftir fæðingu sem áhættupátt punglyndiseinkenna.³
- Aðgengilegur samveruvettvangur með jafningjastuðningi getur styrkt félagsleg tengsl.

Kostnaðarsöm fræðsla skapar aðgangshindranir og dregur úr forvarnaráhrifum

Fræðsla fyrir barnafjölskyldur kostar á bilinu 11 til 19 þús. kr.

Kostnaður ýmissa námskeiða (2026)^{1,2}



1. Meðalkostnaður. 2. Ekki tekið tillit til innihalds eða lengdar námskeiða.
Heimildir: vefsíður aðila sem bjóða upp á viðkomandi þjónustu.


- **Foreldrafræðsla hefur forvarnargildi** og mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar fái góðar gagnreyndar upplýsingar frá fagaðilum.
- Slík **námskeið kosta á bilinu 11 til 19 þús. kr.** en kostnaðurinn skapar aðgangshindranir fyrir efnaminni fjölskyldur.¹
- Þeir sem mest þurfa á stuðningi að halda geta því haft minnstan aðgang að fræðslunni.

¹ Bráðaskólinn (2026). „Skyndihjálpar og bráð veikindi ungbarna“. Slóð: <https://www.bradaskolinn.is/products/skyndihjalp-og-brad-veikindi-barna>. Rauði krossinn á Íslandi (2026). „Vilt þú læra skyndihjálpar?“. Slóð: <https://www.raudikrossinn.is/verkefni/skyndihjalp/>. Alfred (2026). „Næring ungbarna“. Slóð: <https://alfred.is/course/naering-ungbarna>. Svefnráðgjöf.is. „Svefnnámskeið“. Slóð: <https://www.svefnradgjof.is/challenge-page/a82ec873-5b59-4c55-8f40-a1f43c4e861c>.

Minni skólasókn meðal barna með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn

28% barna eru með erlendan bakgrunn


Börn með erlendan bakgrunn, % (2024)



1 árs og yngri. Heimild: Hagstofa Íslands

Börn með erlendan bakgrunn eru síður á leikskóla

Börn á leikskóla, % (2024)




Heimild: OECD

- Fjöldi barna með erlendan bakgrunn eykur þörf fyrir aðlögun að samfélaginu á fyrstu æviárum.
- Minni leikskólasókn takmarkar aðgengi barna innflytjenda að íslensku málumhverfi og undirbúningi fyrir skólagöngu.
- OECD leggur áherslu á snemmbæra þátttöku, markvissa upplýsingagjöf til innflytjendafjölskyldna og aukna málörvun barna innflytjenda.¹

Minni virkni er meðal innflytjenda sem skortir tengslamyndun út í samfélagið

Regluleg samskipti við heimamenn styðja við aukna atvinnuþátttöku

Áhrif vikulegra samskipta við heimamenn á atvinnuþátttöku, prósentustig (2017)



Heimildir: Worbs, Susanne; Baraulina, Tatjana (2017). "Female Refugees in Germany: Language, Education and Employment".

- Sænsk rannsókn sýnir að uppbygging tengslaneta skýrir **10–20% af auknum líkum innflytjenda á endurráðningu** eftir því sem dvöl þeirra í landinu lengist.
- Rannsóknir benda til þess að flóttamenn sem eru ekki í reglulegum samskiptum við innfædda eru með **6–12 prósentustigum minni atvinnuþátttöku**, eftir kyni.¹
- „Öppen Förskola“ í Svíþjóð skapar vettvang þar sem foreldrar geta myndað slík tengsl og eflt félagslegt tengslanet sitt.²

Yfirlit

1. Samantekt

2. Um starfsemina

3. Virðisgildi

3.1 Áskoranir sveitarfélaga

3.2 Lausnir Opna leikskóla Memmm

4. Tækifæri til vaxtar

Opni leikskóli Memmm er liður í bættri þjónustu sveitarfélaga við barnafjölskyldur

Tegund áskorana	Áskoranir sveitarfélaga	Ávinningur Opna leikskóla Memmm
 Þjónustubil	1. Börn biðja eftir þjónustu 2. Raskanir á leikskóla	▪ Þjónustar börn fyrir leikskólagöngu og á biðlista. ▪ Mætir vaxandi þörf fram að haustinnritun. ▪ Viðbótarúrræði þegar leikskólar loka óvænt. ▪ Kostar minna en hefðbundið leikskólapláss.
 Stuðningur	3. Aukið álag á foreldra 4. Dýr fræðsla og forvarnir	▪ Eflir virkni, rútínu og tengslamyndun foreldra. ▪ Fastagestir standa fyrir 85% heimsókna. ▪ Býður fjölskyldum kostnaðarlausu fræðslu. ▪ Þjónustar fleiri en sambærileg erlend úrræði.
 Brúarúrræði	5. Aðlögun og undirbúningur 6. Tengsl og inngilding	▪ Auðveldar aðlögun barna að leikskóla. ▪ Styður réttindi og farsæld barna. ▪ Höfðar til fjölbreytts hóps fjölskyldna af ólíkum uppruna. ▪ Styrkir tengsl og inngildingu innflytjenda.

Börn sem sækja Opna leikskóla Memmm eru á breiðu aldursbili

Stór hluti heimsókna er frá börnum á leikskólaaldri

Aldur heimsókna í Opna leikskóla Memmm, eftir aldursbilum

Aldur	Fjöldi	Hlutfall, %
6-12 mánaða	2.031	42
13-18 mánaða	1.650	34
19-24 mánaða	665	14
Eldri en 2 ára	442	9
Samtals	4.788	


1 Algengasta ástæðan.
Heimildir: Könnun Opna leikskóla Memmm (2026)

- Í Opna leikskóla Memmm eru flestar fjölskyldur með börn sem eru 18 mánaða og yngri.
- **58% barna eru á leikskólaaldri** (12 mánaða og eldri) og að bíða eftir að fá leikskólavist.
 - 13-18 mánaða börn bíða eftir innritun í leikskóla þegar aðlögun hefst að hausti.
 - 19-24 mánaða börn eru flest á biðlista eftir leikskólaplássi.
- Opni leikskóli Memmm veitir þjónustu til barna sem hafa ekki enn hafið leikskólagöngu.

Fjöldi heimsókna í Opna leikskóla Memmm eykst eftir því sem styttra er í innritun í leikskóla

Fjöldi heimsókna í Opna leikskóla Memmm eykst fram að innritun á leikskóla að hausti

Meðalfjöldi heimsókna á opnun, (2025-2026)¹




¹ Heimsóknir á hvern stað á höfuðborgarsvæðinu.
Heimild: Þjónustukönnun Opna leikskóla Memmm (2026)

- Tölur um ásókn gefa til kynna að börn sem bíða eftir leikskólalþjónustu sækji í þjónustu Opna leikskóla Memmm.
- Snjóboltaáhrif í aðsókn þar sem heimsóknum fjölgar eftir því sem nær dregur haustinnritun á leikskóla.
- Fæstir eru að meðaltali í hverri opnun eftir september þegar aðlögun hefur farið fram á flestum leikskólum.
- **Meira en tvöfalt fleiri** fjölskyldur sækja hverja opnun að meðaltali í lok misseris samanborið við upphaf.

Aukin aðsókn í Opna leikskóla Memmm þegar leikskólar lokuðu vegna verkfalla

Heimsóknir voru um 60% fleiri á meðan leikskólaverkföll stóðu yfir

Meðalfjöldi heimsókna, eftir mánuðum




1 Heimsóknir í Aflagrandi og Gerðuberg þar sem þar var opið bæði árin.
Heimildir: Opni leikskóli Memmm

- Verkfall leikskólakennara raskaði starfsemi sjö leikskóla á höfuðborgarsvæðinu dagana 3.–7. febrúar 2025.^{1,2}
- Opni leikskóli Memmm var með starfsemi á Aflagrandi og í Gerðubergi í Reykjavík. Meðalaðsókn á staðina tvo í febrúar 2025 var 55 gestir á hverja opnun, eða 57% fleiri en í febrúar 2026.
- Starfsfólk upplifði aukna aðsókn meðan á verkfallinu stóð og varð vart við fleiri eldri börn sem annars hefðu verið í leikskóla.
- Samanburðurinn bendir til þess að eftirspurn eftir þjónustu aukist þegar leikskólastarf raskast.

Opni leikskóli Memmm er hagkvæmt úrræði sem hentar vel þar til leikskólapláss býðst

Þjónusta Opna leikskóla Memmm er hagkvæmt úrræði

Kostnaður á barn á klukkustund, kr. (2024)



Heimildir: Opni leikskóli Memmm, Vísir.

- Kostnaður Memmm á barn á klukkustund er um helmingi lægri en í leikskóla.
- Kostnaður er um 1.600 kr.¹ á klukkustund af þjónustu, samanborið við 3.200 kr.² í leikskólum sveitarfélaga.
- Hagkvæmnin byggist á að sama starfsfólk, aðstaða og dagskrá þjóni mörgum fjölskyldum samtímis.
- Sameiginleg rými, afmarkaðir opnunartímar og sveigjanlegt skipulag halda kostnaði niðri.
- Þjónustan kemur ekki í stað leikskóla heldur brúar þjónustubilið og styður fjölskyldur þegar þjónusta raskast.

1 Kostnaður sveitarfélaga á barn á klukkustund; Miðað við 511 þús. kr. mánaðarkostnað, 12 mánuði, 240 opnunardaga og átta klukkustunda vistun á dag: $511 \text{ þús. kr.} \times 12 \div (240 \times 8) = 3.200 \text{ kr. á barn á klukkustund. Vísir (2025). „Kostnaður fyrir 12 mánaða barn á leikskóla 511 þúsund kr - Leikskólakerfið of dýrt“.$ Slóð: <https://www.visir.is/k/0c5a7584-f3dc-43b4-a9f0-b87d3a7d85c2-1738174384111/kostnadur-fyrir-12-manada-barn-a-leikskola-511-thusund-kr-leikskolakerfid-of-dyrt> 2 Miðað við 5 m.kr. árskostnað af hverri opnun Memmm, 39 opunarvikur, 2 klst opnun á viku og 40 börn að meðaltali í hverri opnun: $5 \text{ m.kr.} \div (39 \times 2 \times 40) = 1.600 \text{ kr. á barn á klukkustund. Heimild: Opni leikskóli Memmm,}$

Opni leikskóli Memmm styður við virkni, rútínu og tengslamyndun meðal foreldra




“

Lífið í orlofinu fékk tilgang. Að mæta á réttum tíma, hún hitti önnur börn, ég hitti aðra foreldra. Fengum báðar útrás fyrir félagslegu hliðina

Um 85% heimsókna eru frá „fastagestum“ sem koma oftar en einu sinni í mánuði

Í maí voru heimsóknir að meðaltali 3,7 hjá 156 fjölskyldum

Heimsóknir eftir fjölda skipta, á mánuði¹



Heimildir: Opni leikskóli Memmm.

- Opni leikskóli Memmm hjálpar fjölskyldum að koma upp rútínu.
- Flestar fjölskyldur sem mæta verða „fastagestir“ og koma oftar en einu sinni.
- Í maí 2026 voru **580 heimsóknir** samtals og komu **156 fjölskyldur**.
 - **3,7 heimsóknir** á hverja fjölskyldu.
- **85% heimsókna** voru „fastagestir“.
 - „fastagestir“ sem koma oftar en einu sinni heimsóttu opna leikskóla 6,7 sinnum í maí að meðaltali.¹
 - 74 fjölskyldur sem heimsóttu leikskóla 498 sinnum.

Með reglulegu millibili er boðið upp á fræðslu að kostnaðarlausu í Opna leikskóla Memmm




- Með reglulegu millibili er boðið upp á fræðslu, fjölskyldum að kostnaðarlausu.
- Fræðsla hefur forvarnargildi og mikilvægt að foreldrar/forsjáraðilar fái góðar gagnreyndar upplýsingar frá fagaðilum.
- Boðið hefur verið upp á fræðslu hvað varðar skyndihjálp og forvarnir, málörvun/máltöku, næringu barna, hreyfiproska og fleira.
- Kostnaðarhagræði felst í því að veita stórum hópi fræðslu samtímis í opinberum rýmum.

Memmm þjónustar fleiri fjölskyldur hverju sinni en sambærileg úrræði erlendis

Um tvöfalt fleiri fjölskyldur á starfsmann í Opna leikskóla

Memmm

Fjölskyldur á starfsmann í opnum leikskóla




¹ Fjöldi fjölskyldna á hvern starfsmann á vorönn eða þegar álag er mikið.
Heimildir: FoU-Nordväst (2005), Opni leikskóli Memmm

- Opni leikskóli Memmm þjónustar að jafnaði 25 fjölskyldur á hvern starfsmann í hverri opnun, samanborið við 9–12 fjölskyldur í sambærilegum úrræðum í Svíþjóð.¹
- Þar sem margar fjölskyldur koma saman á einum stað er hægt að miðla fræðslu og forvörnum með hagkvæmum hætti og ná til fleiri í einu.

9 af 10 telja Opna leikskóla Memmm skipta miklu máli í undirbúningi barna fyrir aðlögun í leikskóla

93% telja Opna leikskóla Memmm undirbúa fyrir aðlögun í leikskóla

Telur þú að Opni leikskóli Memmm hjálpi við undirbúning fyrir aðlögun í leikskóla¹



¹ Svör notenda Opna leikskóla Memmm við notendakönnun (2026).
Heimild: Þjónustukönnun Opna leikskóla Memmm (2026)

- 93% foreldra telja þátttöku í Opna leikskóla Memmm undirbúa fjölskylduna fyrir aðlögun að leikskóla.
- Fyrirsjáanleg rútína, frjáls leikur og sameiginleg söngstund venja börn við skipulagt starfsumhverfi.
- Börn fá tækifæri til að leika og eiga samskipti við önnur börn undir leiðsögn foreldra.
- Söngur, málörvun og sameiginlegar stundir styrkja færni barna til að taka þátt í dagskrá leikskóla.

Opni leikskóli Memmm aðstoðar við undirbúning og aðlögun fyrir leikskóla



“

Memmm hjálpaði mér að skapa rútínu í fæðingarorlofinu. Það hafði góð áhrif á geðheilsu mína að hafa eitthvað á dagskrá þar sem ég gat mætt með barnið með mér.

Það var mjög gott að geta mætt með barnið á barnvænan stað í orlofinu sem er frír þar sem greiðslugeta rýrnar í fæðingarorlofi.

Auk þess finn ég að barnið mitt elskar að mæta í Memmm og hefur leik og söngstund Memmm haft mjög þroskandi og góð áhrif á barnið mitt.

Ég trúi að barnið mitt sé betur undirbúið fyrir leikskóla eftir að hafa mætt í Memmm.

Starfsemi Opna leikskóla Memmm endurspeglar áherslur Barnasáttmála SP og lög um faræld barna




- Í starfi Opna leikskóla Memmm endurspeglast mörg af réttindum barna samkvæmt Barnasáttmálanum.
- Vettvangur Opna leikskóla Memmm er skilgreindur sem fyrsta stigs þjónusta í þágu farsældar barna en getur einnig nýst fagaðilum sem sinna annars stigs þjónustu.
 - Félagsráðgjafar í Reykjavíkurborg hafa bent fjölskyldum á Opna leikskóla Memmm.
- Tækifæri er fyrir ríki og sveitarfélög til að kynna starfsemi Opna leikskóla Memmm fyrir foreldrum í félagslegri þjónustu og ung barnavernd og hvetja til þátttöku.
 - Samstarfið er nú óformlegt en t.d. benda fagaðilar í Mæðravernd í Breiðholti og Hlíðum á Opna leikskóla Memmm.




Opni leikskóli Memmm höfðar til fjölbreytts hóps, styrkir tengsl fjölskyldna og inngildingu




**Feður og
afar**



- Allt að **30% fullorðinna þátttakenda eru karlar**, þar á meðal feður og afar.
- Fjölbreytt þátttaka umönnunaraðila styrkir tengsl þeirra við börn sín sem og aðrar fjölskyldur.



**Erlendur
bakgrunnur**



- Um **fjórðungur fjölskyldna hefur erlendan menningar- og tungumálabakgrunn.**
- Inngildandi vettvangur fyrir tengslamyndun, stuðning og virkni til þátttöku í samfélaginu.

Opni leikskóli Memmm styður tengslamyndun og inngildingu



“

Þetta starf hefur verið frábært fyrir fjölskylduna. Áður en við vissum af Memmm þá voru dagarnir mjög einangraðir og barnið hitti ekki mörg önnur börn.

Við mættum nánast alla daga í Memmm og var það rosalega gott fyrir barnið sem eignaðist vini þarna sem hittast líka utan Memmm. Við foreldrarnir kynntumst nýju fólki sem við köllum góða vini í dag og erum mjög þakklát fyrir allt sem Memmm hefur gert fyrir okkur.

Ég verð líka að segja að halda þessa rútínu að fara alltaf með barnið í Memmm hefur verið mjög jákvætt fyrir andlega heilsu.

Opni leikskóli Memmm er liður í bættri þjónustu sveitarfélaga við barnafjölskyldur

Tegund áskorana	Áskoranir sveitarfélaga	Ávinningur Opna leikskóla Memmm
 Þjónustubil	1. Börn bíða eftir þjónustu 2. Raskanir á leikskóla	■ Þjónustar börn fyrir leikskólagöngu og á biðlista. ■ Mætir vaxandi þörf fram að haustinnritun. ■ Viðbótarúrræði þegar leikskólar loka óvænt. ■ Kostar minna en hefðbundið leikskólapláss.
 Stuðningur	3. Aukið álag á foreldra 4. Dýr fræðsla og forvarnir	■ Eflir virkni, rútínu og tengslamyndun foreldra. ■ Fastagestir standa fyrir 85% heimsókna. ■ Býður fjölskyldum kostnaðarlausu fræðslu. ■ Þjónustar fleiri en sambærileg erlend úrræði.
 Brúarúrræði	5. Aðlögun og undirbúningur 6. Tengsl og inngilding	■ Auðveldar aðlögun barna að leikskóla. ■ Styður réttindi barna og farsæld. ■ Höfðar til feðra og fjölskyldna af ólíkum uppruna. ■ Styrkir tengsl og inngildinguna innflytjenda.

Yfirlit

1. Samantekt

2. Um starfsemina

3. Virðisgildi


4. Tækifæri til vaxtar

Ótrygg aðstaða og fjármögnun hafa leitt til flutninga og lokunar starfsstöðva

Opni leikskóli Memmm hefur verið á ný mismunandi staðsetningum

Staðsetningar Opna leikskóla Memmm

● Opnað ● Lokað



Heimild: Opni leikskóli Memmm.

- Opni leikskóli Memmm opnaði fyrst sem **tilraunarverkefni í sjálfböðastarfi** í Laugardalnum árið 2021.
- Í kjölfar styrks frá Reykjavíkurborg opnaði Memmm á þremur stöðum í Reykjavík, en er nú opið í Gerðubergi og Aflagrandi.
- Memmm opnaði í Kópavogi og Reykjanesbæ vegna samninga við Vinnumálastofnun (VMST).
 - Starfsemi í Kópavogi fluttist í Hafnarfjörð þegar búsetuúrræði VMST fluttist úr Kópavogsbæ.
- Tímabundnir samningar um þjónustu og aðstöðu hafa dregið úr fyrirsjáanleika í rekstri Opna leikskóla Memmm.

Opni leikskóli Memmm þarf tryggja fjármögnun, skýra umgjörð og betri tengingu við þjónustuúrræði



Áskoranir í starfsemi Opna leikskóla Memmm

1. Rekstur, mönnun og aðstaða eru aðeins tryggð til skamms tíma, sem takmarkar festu og áframhaldandi uppbyggingu starfseminnar.
2. Opni leikskóli Memmm er ekki nægilega samþætt þjónustukerfinu og leið fjölskyldna að úrræðinu er því oft tilviljanakennd.



Tækifæri til að efla starfsemi Opna leikskóla Memmm

- Tryggja fyrirsjáanlegan rekstur með langtímasamningum, föstum þjónustustöðum og skýrri áætlun um umfang og mönnun.
- Formgera samstarf og kynningu í gegnum mæðra- og ung barnavernd, félags- og farsældarþjónustu, leikskóla og aðrar stofnanir.

memm